**Dalvíkurskóli**

# Textílmennt

| Námsþáttur | 1.bekkur | 2.bekkur | 3. bekkur | 4. bekkur |
|---|---|---|---|---|
| **Menningarlæsi** (Sameiginleg markmið fyrir list- og verkgreinar) | **Við lok 4. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 142 :**<br>• Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.<br>• Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.<br>• Unnið einföld verkefni í hópi.<br>• Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið.<br>• Gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans.<br>• Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín.<br>• Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.<br>• Gengið frá eftir vinnu sína.<br>• Lagt mat á eigin verk. | | | |
| Nemandi: | • Gengur frá eftir vinnu sína.<br>• Þekkir hugtökin *gróft* og *fínt*.<br>• Þekkir tæknina við að þæfa og forsögu þeirrar vinnuaðferðar.<br>• Getur metið heildarframmistöðu sína.<br>• Getur gert grein fyrir verkefni sínu með orðum. | • Þekkir muninn á *gróft* og *fínt.*<br>• Getur metið heildarframmistöðu sína.<br>• Getur gert grein fyrir verkefni sínu með orðum. | • Getur notað hugtökin *gróft* og *fínt* nokkurn veginn rétt.<br>• Veit að áður fyrr þurfti að handprjóna allt þó vélar hafi að töluverðu leyti tekið við af því.<br>• Þekkir muninn á prjónuðu efni og ofnu.<br>• Getur metið heildarframmistöðu sína.<br>• Getur gert grein fyrir verkefni sínu með orðum. | • Getur notað hugtökin *gróft* og *fínt* rétt.<br>• Getur metið heildarframmistöðu sína.<br>• Getur gert grein fyrir verkefni sínu með orðum. |
| **Handverk, aðferðir og tækni** | **Við lok 4. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 159-160):**<br>• Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.<br>• Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.<br>• Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. | | | |
| Nemandi: | • Getur klippt pappír og textíl.<br>• Þekkir mun á *nál* og *títiprjóni*.<br>• Getur þrætt grófa nál.<br>• Hefur ofið á spjald eða grind.<br>• Getur bundið hnút og slaufu. | • Kann að sauma nokkur einföld útsaumsspor.<br>• Þekki muninn á *saumnál* og *javanál.* | • Getur fitjað upp og prjónað garðaprjón eða slétt í hring.<br>• Þekkir *saumnál*, *javanál* og *títiprjón*.<br>• Kann að sauma mismunandi útsaumsspor í java.<br>• Kynnist saumavélinni og prófar að sauma í pappír eftir teiknuðum línum. | • Prjónar einfaldan hlut, s.s. húfu eða dýr.<br>• Getur fellt af í prjóni.<br>• Þekki *stoppunál*.<br>• Kann að kveikja og slökkva á saumavél.<br>• Veit að það þarf tvo þræði til að saumavél virki.<br>• Kann að skipta um spor á saumavél (beint, sikk sakk).<br>• Kann að festa enda í upphafi og lok saums í saumavél. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | **Við lok 4. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 159-160):**<br>• Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.<br>• Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.<br>• Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.<br>• Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum. | | | |
| Nemandi: | • Getur teiknað einfalda skissu af eigin hugmynd.<br>• Skreytir hugmynd sína. | • Getur búið til einfalt snið og sniðið eftir því (fugl, fiskur eða annað einfalt form).<br>• Skreytir verkefni sitt. | • Býr til einfalda mynd út frá eigin hugmynd og yfirfærir á textíl.<br>• Skreytir verkefni sitt. | • Býr til flóknari mynd út frá eigin hugmynd, yfirfærir á textíl og gengur frá verkefni í saumavél.<br>• Skreytir verkefni sitt. |
| **Menning og umhverfi** | **Við lok 4. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 159-160):**<br>• Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.<br>• Sagt frá nokkrum tegundum textílefna.<br>• Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.<br>• Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu*. | | | |
| Nemandi: | • Þæfir einfaldan hlut úr íslenskri ull í einum lit (t.d. kúlu). | • Þæfir einfaldan hlut úr íslenskri ull í tveimur eða fleiri litum (t.d. blóm).<br>• Veit að munur er á gerviefnum, s.s. plasti og flísi og náttúrulegum efnum, s.s. bómull og ull. | • Getur útskýrt muninum á gerviefnum og náttúrulegum efnum.<br>• Veit um eiginleika ullar sem hitagjafa. | • Getur nefnt efni sem eru hentug í fatnað fyrir mismunandi tilefni.<br>• Getur útskýrt muninn á gerviefnum og náttúrulegum efnum. |

*Í kennslustofunni liggur ávallt frammi notaður efniviður sem ætlaður er til endurnýtingar.